

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, lögum um Vatnajökulsþjóðgarð og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (gjaldtaka o.fl. vegna Náttúruverndarstofnunar)

Landvernd leggur áherslu á að meginmarkmið gjaldtöku á náttúruverndarsvæðum sé að tryggja vernd náttúru, minnka álag og standa undir nauðsynlegum innviðum sem styðja við verndun og góða umgengni. Landvernd er ekki mótfallin því að opinber rekstraraðili náttúruverndarsvæðis innheimti gjald, enda sé gjaldtakan skýr og í samræmi við eðli þjónustunnar og verndarsjónarmið.

Sérstaklega telur Landvernd mikilvægt að tekjur af gjaldtöku renni til viðkomandi svæða og nýtist til uppbyggingar og viðhalds innviða sem eru hannaðir í sátt við náttúruna og miða að því að verja viðkvæm vistkerfi og einstakar náttúruperlur. Þar getur m.a. verið um að ræða stíga- og pallakerfi, stýringu á gönguleiðum, salerni, bílastæði og aðra aðstöðu sem er til þess fallin að draga úr jarðraski, gróðureyðingu og eða truflun á lífríki. Jafnframt þarf að tryggja gagnsæi um forsendur gjaldskrár, áætlanir um uppbyggingu og ráðstöfun tekna.

Á fjölsóttum svæðum, þar sem ferðamennska er mikil eða komin yfir þölmörk, bendir Landvernd á að gjaldtaka ein og sér dugi ekki til að koma í veg fyrir náttúruspjöll eða neikvæða upplifun gesta. Meta þarf samhliða gjaldtöku hvert ásættanlegt álag svæðis sé, með viðurkenndum aðferðum og reglulegri endurskoðun, þannig að hvorki verði af náttúruskaða né að upplifun gesta verði neikvæð vegna of margra ferðamanna á sama tíma.

Landvernd telur að í þeim tilvikum þar sem álíta megi að svæði séu komin að eða yfir þölmörk vegna gestafjölda þurfi stjórnvöld /rekstraraðilar að beita álagsstýringu af festu, m.a. með tímabundnum lokunum, bókunarkerfum eða mannfjöldakvótum eftir aðstæðum. Mikilvægt er því að gjaldtökufyrirkomulag og rekstur skapi ekki óhóflegan hvata til að auka aðsókn umfram þölmörk. Verndarmarkmið á náttúruverndarsvæðum og þölmörk þeirra verða ávallt að ráða ferðinni og því má gjaldtaka aldrei verða meiri hvati en hvatinn til að verja náttúruna.

Einnig má velta upp öðrum leiðum til fjármögnunar verndar og innviða, með fyrirkomulagi á landsvísu, t.d. heildarpassa eða sérstaks komugjalds inn í landið. Slík tekjuöflun gæti staðið straum af vernd og nauðsynlegum aðgerðum á svæðum sem eru í mestri hættu samkvæmt viðurkenndri úttekt og forgangsröðun.

Landvernd leggur áherslu á að gjaldtaka á þjóðgörðum og öðrum opinberum náttúruverndarsvæðum sé skýr og samræmd, með gagnsæi um gjaldtökusvæði, fjárhæðir og greiðsluleiðir. Einnig er mikilvægt að gjaldtaka og stjórn hennar á slíkum svæðum nýtist í þágu náttúrunnar, náttúruverndar og almennings, en sé ekki hagnaðardrifin. Í dag ríkir villta vesturs ástand m.a. vegna innkomu fjölmargra einkaðila inn á þennan markað og hefur fyrirkomulagið og stjórnleysið leitt til óánægju og neikvæðrar upplifunar gesta.

Landvernd leggur fram eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

- **1. gr. - 82. gr. náttúruverndarlaga – skipan svæðisstjórna**
Mikilvægt er að verndarmarkmið þjóðgarða ráði forgangi í störfum svæðisstjórna og að tilnefningarferli fulltrúa náttúru- og umhverfisverndarsamtaka sé skýrt og komi fram hvernig tilnefningu skal háttað.
- **3. gr. - 91. gr. náttúruverndarlaga – kæruleiðir**
Jákvætt er að færa kæruleiðir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Tryggja þarf bolmagn nefndarinnar svo kærufelri tefji ekki nauðsynlegar verndaraðgerðir.
- **4. gr. - 92. gr. náttúruverndarlaga – gjaldtaka.**
Við útfærslu þarf skýra afmörkun gjaltdökusvæða meðal annars hvað felst í „á svæðum eða í nágrenni þeirra“ og samræmdar kröfur verði um merkingar og upplýsingagjöf. Einnig þarf gagnsæi um forsendur gjaldskrár og tengingu við vernd, innviði og álagsstýringu.
- **5. gr. - 8. gr. a – svæðisráð**
Mikilvægt er að valddreifing og samráð í þjóðgarðinum rýrni ekki í framkvæmd þótt skylda forstjóra til setu á fundum svæðisráða falli brott.
- **6. gr. - brottfall 8. gr. c**
Tryggja þarf að skýr ábyrgð á daglegri stjórnun liggja fyrir eftir breytingar á stjórnsýslu Vatnajökulsþjóðgarðs.
- **9. gr. - þvingunarúrræði og viðurlög**
Nauðsynlegt er að úrræði til að koma í veg fyrir náttúruspjöll séu skýr. Tryggja þarf að beiting úrræða sé fyrirsjáanleg m.a. með skýrum verklagsreglum og virku eftirliti.
- **10. gr. - gjaldtaka í Vatnajökulsþjóðgarði**
Sjá athugasemd við 4. gr. um skýrleika, samræmdar upplýsingar og tengingu gjaldtöku við vernd, innviði og álagsstýringu.
- **11.–12. gr. - brottfall 22. gr. og bráðabirgðaákvæði**
Mikilvægt er að breytingar leiði ekki til óparfa óvissu um lagastoð gjaldtöku og að ný gjaldskrá og eftir atvikum reglugerð verði sett með skýru samráði og samræmdri upplýsingagjöf.
- **13. gr. - úrskurðarnefnd**
Með hliðsjón af auknu hlutverki nefndarinnar er mikilvægt að tryggt sé að fjármögnun, mannaflí og sérþekking sé til staðar svo hægt sé að fjalla faglega um hin mörgu og ólíku verkefni sem koma inn á borð úrskurðarnefndar.
- **14. gr. - gildistaka/aðlögun**
Mikilvægt er að tryggja skýrar leiðbeiningar um meðferð mála í yfirfærslu milli kæruleiða og að aðilar hafi skýra vitneskju um hvert skuli kæra á hverjum tíma.

Að lokum

Að mati Landverndar er eðlilegt að rekstraraðilar náttúruverndarsvæða hafi skýra heimild til þjónustugjalda, enda sé markmið gjaldtöku fyrst og fremst vernd náttúru og sjálfbær stjórnun margra fjölsótttra staða. Landvernd hvetur til þess að við útfærslu gjaldskrár og reglugerða verði jafnframt kveðið skýrt á um forsendur gjaldtöku, ráðstöfun tekna og tengingu við áætlanir um náttúruvernd, innviðauppbyggingu og þolmörk/álagsstýringu á hverju svæði.

Með vinsemd og virðingu.

Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir